

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 25. nóvember 2021  
UST202102-433/S.M.  
08.14.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 22. september sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur á fráviki er fram kom í eftirliti á urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunesi þann 1. júní sl. Þann 11. október barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### **Frávikið er eftirfarandi:**

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 21. og 22. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar, sbr. tl. 2-5 og 9-13 í gr. 4.1 hafa ekki borist eftirlitsaðila. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er þegar hafin undirbúningur til þess að öll þau gögn sem uppá vantar verði til staðar og þeim skilað 1. maí 2022.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíksins verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikin ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur